

57
14. júní

L Ö G

um

íbúð í kjöllurum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka kjallara til íbúðar í húsum þeim, sem byggð eru hér eftir. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í húsum, sem byggð voru áður en lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins nota íbúðir í kjöllurum, að þær fullnægi eftirfarandi skilyrðum.

1. Að kjallarinn sé ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m. á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm. frá jörðu.
2. Að allir gluggar í íbúðarherbergjunum viti mót sólarátt — frá réttu austri til réttis vesturs — að eldhúsi og búi fráskildu.
3. Að forgarður, ekki mjórri en 3 m., greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu.
4. Að öll íbúðin sé rakalaus, með sæmilegri hitun og umgengni.

3. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd er heimilt að leyfa um stundarsakir notkun kjallaraíbúða, sem fyrir eru, þótt ekki fullnægi skilyrðum 2. gr. Yfir þessar íbúðir skal halda sérstaka skrá. Skoða skal íbúðirnar árlega og leiðrétta skrána samkvæmt því.

4. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal bæjarstjórn og hreppsnefnd velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru og leyfðar eru um stundarsakir, og aldrei færri en $\frac{1}{20}$ þeirra, og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hvernar íbúðar sem bönnuð er, fyrir 14. febrúar. Skaðabóta verður ekki krafizt fyrir slíkt bann.

5. gr.

57

Nú verður ágreiningur um það, hvað teljast skuli kjallaraíbúð¹⁴. júní eftir lögum þessum, og sker þá stjórnarráðið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi héraðslæknis og byggingarnefndar, ef til er.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

58

um

14. júní

eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 12. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, höfum látið færa breytingarnar inn í meginmál téðra laga frá 1922, og gefum þau hérmeð út sem lög um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

1. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, eða það er svo ofhlaðið mönnum eða munum eða vanhlaðið, eða illa birgt að vistum eða vatni, að kolum eða öðrum vélanaudsynjum, ef það er gufuskip eða vélskip, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður, vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með því en venjulegt er við siglingar.